



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpvaggi

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 4. júní 2022
MÍ202205-0057/ 6.08 / Þ.E.H.

Efni: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 - breyting við Dyngju, hverfisvernd við Gálgaklett og göngustígur frá Fellabæ að Vök

Minjastofnun Íslands hefur móttakið tölvubréf ritara umhverfis- og framkvæmdarsviðs Múlaþings frá 6. maí sl. þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar varðandi breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Meðfylgjandi var breytingartillagan, dags. 03.05.2022.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um skipulagslýsingu breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 með bréfi þann 10. desember 2021. Skipulagslýsingin fjallað aðeins um einn af þeim þremur liðum sem hér eru til kynningar til breytingar á gildandi aðalskipulagi en það var afmörkun á mögulegu framtíðarsvæði fyrir uppbyggingu íþrótta- og útivistarmannvirkja á Egilsstöðum. Í umsögn sinni vakti Minjastofnun athygli á að uppfæra þyrfti eldri fornleifaskráningu fyrir svæðið áður en gengið yrði frá deiliskipulagi eða leyfi til framkvæmda gefið út.

Minjastofnun veitti umsögn um fyrirhugaðar framkvæmdir vegna lagningu göngustígs frá Einhleypingi að Valgerðarstaðarvegi með bréfi þann 22. desember 2021, en hér er verið að leggja til afmörkun gönguleiðarinnar á aðalskipulagsuppdrætti alla leið að baðstaðnum Vök. Minjavörður kannaði fyrirhugaða leið göngustígs á vettvangi í tengslum við framkvæmdirnar og var í kjölfarið ekki farið fram á ítarlegri skoðun fornleifa.

Breytingin á aðalskipulag Fljótsdalshéraðs sem hér er kynnt er í þremur liðum og nær hún til greinargerðar, þéttbýlisuppdráttar Egilsstaða og Fellabæjar og sveitarfélagsuppdráttar B. Gert verður grein fyrir athugasemdum Minjastofnunar við breytingartillöguna við hvern lið fyrir sig.

Svæði til uppbyggingar íþrótta- og útivistaraðstöðu á Egilsstöðum

Svæðið liggur norðan við hjúkrunarheimilið Dyngju en skammt sunnan við það er Gálgaklettur. Neðri hluti svæðisins er að mestu gróið flatlendi sem hefur verið ræst fram. Svæðið hefur verið nýtt sem opið svæði fyrir íbúa og liggur upplýstur göngustígur í gegnum það. Svæðið sem fyrirhuguð breyting nær yfir er skilgreint í gildandi skipulagi sem opið

**Puríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

svæði til sérstakra nota, O1 – Græn svæði á Egilsstöðum, og þjónustustofnanir, T1 – Heilbrigðisstofnun og kirkja. Breytingin felur í sér að hluti af svæði T1 og hluti af svæði O1 verður skilgreindur sem nýtt svæði, O4 - Íþróttasvæði á Egilsstöðum. Umhverfisáhrif af framtíðariþróttasvæðinu er til umfjöllunar í kafla 4.2. greinargerðarinnar. Þar segir að áhrif á minjar séu óverulegar en fornleifaskrá þurfi svæðið áður en framkvæmdir hefjast eða samhliða gerð deiliskipulags. *Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við landnotkunarbreytinguna en minnir á að uppfæra þarf eldri fornleifaskráningu frá 1997 áður en gengið er frá deiliskipulagi eða leyfi til framkvæmda er gefið út í samræmi við skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands.*

Hverfisvernd umhverfis Gálgaklett

Fyrirhugað er að setja fram skilmála um hverfisvernd umhverfis Gálgaklett sem er minjastaður. Gerð verður breyting á greinargerð gildandi skipulags þar sem bætt er við í kafla 9.17 um hverfisvernd, H11 Gálgaklettur. Umhverfisáhrif hverfisverndar á Egilsstöðum er til umfjöllunar í kafla 4.2. í greinargerðinni. Þar segir að með breytingunni sé verið að leggja til að hverfisvernda minjastað við Gálgaklett. *Minjastofnun Íslands fagnar áformum um hverfisvernd en vekur einnig athygli á því að staðurinn er friðaður samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.*

Gönguleið frá Fellabæ að baðstaðnum Vök við Urriðavatn

Gönguleiðin er um 2,4km að lengd og liggur að mestu um gróið gróðurlendi en hluti leiðarinnar er raskaður vegna lagningar hitaveitulagnar frá Urriðavatni. Gönguleiðin verður staðsett frá Fellabæ að Vök (AF1 – Baðstaður við Urriðavatn) í gegnum svæði sem skilgreind eru sem A4 – Athafnarsvæði norðan Smiðjusels og A7/I13 – Selsvæði í Fellabæ. Einnig nær breytingin til þéttbýlisuppdráttar Egilsstaða og Fellabæjar og sveitarfélagsuppdráttar þar sem hluti gönguleiðarinnar er staðsettur í gegnum svæði sem er skilgreint sem O9 Votlendi. Í kafla 4.1 er fjallað um umhverfisáhrif þessara framkvæmda. Þar eru áhrif á minjar metin engin en engar þekktar fornleifar eru á leiðinni. *Minjastofnun Íslands veitti umsögn um gönguleiðina í lok árs 2021 eins og fram kom hér að ofan en aðeins að Valgerðarstaðarvegi þar sem vegur hafði þá þegar verið lagður þaðan að Vök. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við að lega göngustígarins sé færð inn á aðalskipulag en vill minna á að það eru minjar utan við stíginn auk þess sem fleiri minjar kunna að leynast þar sem eru óþekktar.*

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 en koma fram hér að ofan. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef forminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsfulltrúi Múlaþings (skipulagsfulltrui@mulathing.is)